

## Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2016, fimmtudagurinn 14. janúar, var haldinn 142. fundur Hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn Vesturgarði og hófst kl. 12.05. Viðstödd voru: Sverrir Bollason, Teitur Atlason, Kjartan Magnússon, Marta Guðjónsdóttir og Gréta Björg Egilsdóttir. Einnig sátu fundinn Sigbrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri í Vesturgarði, sem jafnframt ritaði fundargerðina og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, verkefnastjóri. Gestir fundarins voru: Birgir Þróstur Jóhannsson og Gunnar Haraldsson frá Íbúasamtökum Vesturbæjar.

### Petta gerðist:

#### 1. Deiliskipulag í Vesturbugt Bókun fulltrúa Samfylkingarinnar

Fulltrúar Samfylkingarinnar í hverfisráði Vesturbæjar fagna því að uppbygging við Vesturbugt muni ná fram að ganga. Vannýttu svæði horfinna atvinnuvega verður að búsetusvæði fyrir fjölda nýrra Vesturbæinga. Skipulagið hefur verið til umræðu um all nokkuð skeið og þær breytingar sem nú er verið að gera eru til þess fallnar að gera svæðið aðgengilegt fleirum og fjölbreyttari hóp en áður. Vert er að mótmæla þeim fullyrðingum sem fram koma í máli fulltrúa Sjálfstæðisflokksins á fundi ráðsins í nóvember um að verið sé að auka byggingamagn en það er ekki rétt. Meðfram uppbyggingu íbúðarhúsnæðis er fyrirhuguð uppbygging leikskóla sem er til bóta hverfið.

#### Bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokks:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins standa við þá fullyrðingu að með umræddri deiliskipulagsbreytingu sé borgarstjórnarmeirihlutinn að auka byggingarmagn í Vesturbugt, þvert á loford borgarfulltrúa Samfylkingarinnar í síðustu borgarstjórnarkosningum. Nái umrædd deiliskipulagstillaga fram að ganga, mun íbúðum á reitnum fjölga úr 123 í 170 eða um 38% og bílastæðahús stækkað. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins eru hlyntir uppbyggingu á reitnum en telja að byggingarmagn (lóðanýting, rúmmál og hæð húsa) samkvæmt deiliskipulaginu sé of mikið miðað við grunnflöt og heildaryfirbragð aðliggjandi byggðar. Gamli Vesturbærinn hefur í meira en öld þróast í nánu sambandi við höfnina og sjávarútveginn en með fyrirhuguðum byggingum verður lokað á tengsl við höfnina og sjávarsíðuna. Hið nýja hverfi mun einkennast af einsleitum byggingum sem eiga lítið skylt við eldri byggð og byggingarsögu borgarinnar en við teljum að yfirbragð og fjölbreytileiki Gamla Vesturbæjarins eigi að vera ríkjandi á svæðinu. Lítil áhersla er lögð á opin svæði og ekki er gert ráð fyrir sparkvelli á svæðinu eins og óskað hefur verið eftir. Ljóst er að byggðin verður án raunhæfra kosta í bílastæðamálum fyrir íbúa og atvinnufyrirtæki á svæðinu en aðeins er gert ráð fyrir 0,8 bílastæðum á íbúð. Graeme Massie arkitektar, sem áttu vinningstillögu í opinni hugmyndasamkeppni um rammaskipulag gömlu hafnarinnar, hafa sent frá sér yfirlýsingu um að stóra þætti í vinningstillögunni sé ekki að finna í deiliskipulaginu.

#### Bókun fulltrúa Samfylkingarinnar:

Fulltrúar Samfylkingarinnar í hverfisráði Vesturbæjar taka ekki undir þá skoðun að með nýrri byggð í Vesturbugt sé verið að loka á aðgengi að sjávarsíðunni, þvert á móti sé verið með nýrri byggð verið að auka aðgengið og skapa ramma um nýtingu svæðisins. Eldri byggð í Vesturbæ er fjölbreytt að stærð og er byggðin í Vesturbugt í samræmi við nær liggjandi byggð við Seljaveg og Bræðraborgarstíg.

- Kl. 12:40 Rakel Óskarsdóttir tekur sæti á fundi
- Kl. 12:40 Gréta Björg Egilsdóttir vék af fundi

#### 2. Tillaga um knatt- og fimleikahús.

Hverfisráð Vesturbæjar óskar eftir því að ÍTR í samvinnu við skipulagsyfirvöld skoði mjög ákveðið grundvöll fyrir knatt- og fimleikahúsi í Vesturbænum sem hugsanlega gæti nýst öðrum nærliggjandi hverfum. Einnig komi til greina að skipuleggja slíka aðstöðu í minni einingum.

Bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokks:

Sem fyrr minna borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins á að heppilegasta lausnin á aðstöðuvanda íþróttastarfs barna og unglunga í Vesturbænum er að Reykjavíkurborg semji við KR um að betrubæta starfsemi sína á núverandi svæði við Frostaskjól og að félagið fái að auki lóðina Keilugranda 1 til framtíðarþróunar. Við svo mikla þéttingu byggðar og fjölgun íbúa, sem fyrirhuguð er í Vesturbænum á næstu árum, er mikilvægt að framsýni ráði för og séð verði til þess að innviðir hverfisins geti þjónað vaxandi íbúafjölda. KR-svæðið er nú þegar of lítið til að sinna núverandi þörf fyrir íþróttastarf í Vesturbænum, hvað þá þeirri fjölgun sem stefnt er að. Borgarstjórnarmeirihluti Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna hyggst hins vegar ráðstafa umræddri lóð við Keilugranda undir fjölbýlishús með 78 íbúðum í nafni þéttingar byggðar þrátt fyrir að Grandahverfið sé nú þegar eitt hið þéttbýlasta í borginni. Gangi þau áform meirihlutans eftir, verður ekki hjá því komist að skoða byggingarkosti annars staðar í Vesturbænum í þágu íþrótt- og æskulýðsstarfs, t.d. úti á Granda og á Háskólasvæðinu.

3. Nýting sundlaugartúns - samtal við íbúa hverfisins.  
Umræða um nálgun íbúa að hugmyndabanka um nýtingu sundlaugartúns.  
Umræða tekin upp síðar.

**Fundi slitið kl. 13:30**

Teitur Atlason (sign)  
Marta Guðjónsdóttir (sign)

Sverrir Bollason (sign)

Kjartan Magnússon (sign)